

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Sandgerðisbót – smábátahöfn, heildarsvæði.
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 11. september 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sandgerðisbót – smábátahöfn.

Breytingin tekur til Óseyrar 19 og felur í sér að lóðin stækkar um 286 m² og nýtingarhlutfallið fer úr 0,3 í 0,22.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Oddeyrar, suðurhluta.
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 14. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Oddeyri, suðurhluta.

Breytingin tekur til Gránufélagsgötu 22 og felur í sér að byggingarreitur fyrir endurbyggða smiðju er færður sunnar á lóðinni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 11. september 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.